

Október 2020



Launabil og jöfnuður

Greinargerðir fyrir Þjóðhagsráð

Útgefandi:

Forsætisráðuneytið

Október 2020

for@for.is

www.for.is

©2020 Forsætisráðuneyti

Efnisyfirlit

Ágrip	6
Ójöfnuður og heimsfaraldur COVID-19.....	7
1. Ójöfnuður í sviðsljósinu: Gini og aðrir mælikvarðar á jöfnuð	9
1.1 Hvað segja spekulantarnir?	10
1.2 Mælingar á jöfnuði	11
1.3 Aðferðafræði við gini á Íslandi.....	12
1.4 Um eiginleika gini-stuðulsins	13
1.5 Hvað segir þetta þá um hvað gini-stuðullinn hentar best í að skoða?.....	14
1.6 Af þróun gini á Íslandi.....	15
1.7 Úrtaksstuðull í litlu landi.....	16
1.8 Hversu mikið leiðréttir velferðarkerfið?	17
1.9 Aðrir mælikvarðar á jöfnuð.....	19
1.9.1 Hlutföll.....	19
1.9.2 Önnur sjónarhorn.....	20
1.10 Lokaorð um gini og mælingar á jöfnuði	22
Heimildir.....	24
Viðauki 1	26
2. Tekjutíundir: Hverjir eru hvar í tekjudreifingunni?.....	27
2.1 Aðferðafræði og gögn	27
2.2 Dreifing heildartekna: Hvað er kökusneiðin stór?.....	30
2.2.1 Nánar um fjárhagslega stöðu tíunda	32
2.2.2 Ráðstöfunartekjur	33
2.2.3 Eignir og skuldir.....	34
2.3 Tekjutíundir: Hvað einkennir hverja tíund?.....	35
2.3.1 Aldur	35
2.3.2 Kyn.....	36
2.3.3 Bakgrunnur	37
2.3.4 Fjölskylduaðstæður	39
2.3.5 Menntastig	39
2.4 Svipmyndir.....	40
3. Launabil á Norðurlöndum	51
3.1 Helstu skilgreiningar	51
3.1.1 Launahugtök Hagstofu Íslands:	51
3.2 Um íslenska launatölfræði	53
3.3 Þörf á úrbótum á launatölfræði.....	53
3.4 Norrænn samanburður launa.....	54
3.5 Niðurstöður	58
Heimildir:.....	59
Viðauki 1	61

Myndaskrá

Mynd 1 Bilið á milli ríkra og fátækra eykst	7
Mynd 2 Þróun Gini stuðulsins um allan heim frá 1990 til 2015	10
Mynd 3 Gini stuðullinn á myndrænan hátt.....	12
Mynd 4 Þróun gini stuðulsins (Hagstofa Íslands, 2020)	15
Mynd 5 Þróun lágtekjumarka og fimmtungastuðuls (Hagstofa Íslands, 2020).....	16
Mynd 6 Leiðréttingakraftur skatta og velferðarkerfis í löndum OECD	17
Mynd 7 Leiðréttingakraftur skatta og velferðarkerfis í Evrópu.....	18
Mynd 8 Tíundahlutföll tekna 2018 (T10 er efsta tíund, T1 sú neðsta).....	20
Mynd 9 Hlutfall launa af verðmætasköpun.....	21
Mynd 10 Hlutfall þeirra sem eiga erfitt með að ná endum saman á Norðurlöndum.....	22
Mynd 11 Tekjubil tekjutíunda skilgreind	31
Mynd 12 Hlutfall tíunda af heildartekjum.....	32
Mynd 13 Hlutfall efsta 1% af heildartekjum	32
Mynd 14 Samanburður á hlutfalli atvinnutekna af heildartekjum	33
Myndir 15 Þrjár yfirlitsmyndir um þróun ráðstöfunartekna tíunda.....	34
Mynd 16 Yfirlit yfir eignir og skuldir tíunda.....	35
Mynd 17 Aldursdreifing tíunda	36
Mynd 18 Kynjaskipting tíunda	37
Mynd 19 Hlutfall kvenna í völdum tíundum.....	37
Mynd 20 Hlutfall einstaklinga með erlendan bakgrunn	38
Mynd 21 Hlutfall fólks með erlendan bakgrunn fyrir valdar tíundir.....	38
Mynd 22 Yfirlit yfir fjölskylduaðstæður tíunda.....	39
Mynd 23 Menntastig tíunda 1997 og 2018	40
Mynd 24 Samanburður heildarlauna starfsstétta á Norðurlöndum	55
Mynd 25 Samanburður heildarlauna starfsstétta á Norðurlöndum, leiðrétt fyrir kaupmætti.....	57

Töfluskrá

Tafla 1 Breytur og skilgreiningar	28
---	----

Ágrip

Markmið þessarar umfjöllunar er að styrkja þekkingargrunn fyrir umræðu um launabil og jöfnuð á Íslandi og samanburð við önnur lönd. Hér er ekki ætlunin að taka afstöðu til efnisins heldur frekar fjalla gagnrýnið um hugtök og gögn sem eru gagnleg fyrir umræðuna, draga athygli að styrkleikum þeirra og takmörkunum og veita, eins og kostur er, innsýn í dreifingu launa á Íslandi. Efninu er skipt í þrjár sjálfstæðar greinargerðir sem fjalla um launabil og jöfnuð frá ólíkum sjónarhornum.

Fyrsta greinargerðin fjallar einkum um gini-stuðulinn sem er algengasti mælikvarði á jöfnuð í heiminum. Farið er almennt yfir eiginleika stuðulsins, þau gögn sem íslenski gini-stuðullinn byggir á og svo gildi hans og þróun hans undanfarin ár. Niðurstöður sýna að á Íslandi er jöfnuður tekna í alþjóðlegum samanburði mikill. Það gildir hvort sem horft er til gini-stuðuls fyrir eða eftir skatta og tilfærslur hins opinbera. Það gefur vísbendingu um að launadreifing sé jöfn líka. Hluttur launa í heildarverðmætasköpun hagkerfisins er jafnframt hár. Fjallað er um takmarkanir stuðulsins og þau áhrif sem undirliggjandi gögn hafa á notagildi hans. Þaðan er sjónum snúið stuttlega að öðrum mælikvörðum á jöfnuð, einkum tíundahlutföllum, sem í einfaldleika sínum geta nýst vel samhliða gini-stuðlinum til að draga fram heildstæðari mynd af þróun tekjudreifingarinnar.

Í annarri greinargerðinni er byrjað að kafa dýpra í tekjudreifinguna með því að leggja tekjutíundirnar undir smásjá. Fjallað er um hvað einkennir einstaklinga á ólíkum stöðum tekjudreifingarinnar, bæði fjárhagslega og félagslega. Niðurstöður sýna meðal annars að staða kvenna í tekjudreifingunni hefur styrkst mjög á síðustu tveimur árum þó enn halli á þær í efri hluta dreifingarinnar. Þá vekur athygli að hlutfallslega eru einstaklingar af erlendum bakgrunni flestir í fimmtu og sjöttu tekjutíund, eða um 19%. Undir lok þessarar umfjöllunar er að finna tíu svipmyndir, sem gefa nákvæmar upplýsingar um stöðu og þróun einstaklinga í hverri tekjutíund fyrir sig.

Í þriðju greinargerðinni er samanburður á launabili starfsstétta á Norðurlöndunum. Ísland kemur vel út í þeim samanburði og eru heildarlaun jafnan hæst á Íslandi fyrir kaupmáttarleiðréttingu en næsthæst eftir kaupmáttarleiðréttingu en athygli vekur að yfirvinnugreiðslur og greiðslur

vegna óreglulegra liða eru að vega að jafnaði þyngra í heildarlaunum hér á landi en í nágrannalöndunum. Stjórnendur, sérfræðingar og iðnaðarfolk koma sérstaklega vel út í samanburði heildarlauna en minni munur er á öðrum starfsstéttum. Ítarlega er fjallað um þau gögn sem notuð eru til samanburðar og þær takmarkanir sem á samanburðinum eru.

Þessar greinargerðir eru fjarri því að vera tæmandi og er þeim fyrst og fremst ætlað að vera innlegg í umræðu um jöfnuð og launabil á Íslandi sem vonandi vekur umræðu og ekki síst spurningar um hvert má halda næst.


Ójöfnuður og heimsfaraldur COVID-19

Greinargerðir þessar um jöfnuð og launabil voru unnar í upphafi árs 2020 og kynntar á fundi Þjóðhagsráðs í lok febrúar, rétt áður en COVID-19 faraldurinn náði skriði á heimsvísu. Þó heimsfaraldurinn og efnahagskreppan sem honum hefur fylgt hafi ekki bein áhrif á þá greiningu sem hér birtist, þá hafa efnahagshorfur og forsendur til framtíðar gjörbreyst.

COVID-19 veiran fer ekki eins með alla sem henni mæta. Sama má segja um efnahagslegar afleiðingar faraldursins. Í nýlegri könnun Chicago háskóla meðal hagfræðinga kom fram að mikill meirihluti telur að faraldurinn muni auka ójöfnuð á heimsvísu, ekki síst vegna þess að áhrif sóttvarnaraðgerða eru hlutfallslega meiri á einstaklinga á neðri enda tekjudreifingarinnar, til dæmis þá sem sinna þjónustustörfum.¹ Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn birti í maí niðurstöður rannsóknar sem styðja þessa skoðun. Í kjölfar fimm

meiriháttar veirufaraldrá síðustu áratuga² hefur Gini stuðullinn að jafnaði vaxið markvert, jafnvel þó horft sé til Gini eftir skatta og tilfærslur hins opinbera (sjá mynd 1 úr greiningu AGS). Fimm árum eftir þessa faraldrá var stuðullinn að meðaltali 1,5%

Mynd 1 Bilið á milli ríkra og fátækra eykst



Source: Furceri, Loungani, Ostry, and Pizzuto (2020).

¹ <http://www.igmchicago.org/surveys/inequality-and-the-covid-19-crisis/>

² SARS (2003), H1N1 (2009), MERS (2012), Ebola (2014) and Zika (2016)

hærrí en áður, sem er töluverð hækkun fyrir mælikvarða sem jafnan hreyfist hægt. Verst hafa áhrifin verið á einstaklinga með lægra menntastig sem margir búa við mun verri atvinnuhorfur til lengri tíma.³

Ísland er ekki undanskilið þessu. Atvinnuleysi hefur á undanförunum mánuðum farið hratt vaxandi og útlit fyrir að það nái áður óþekktum hæðum með tilheyrandi fjárhagslegum og félagslegum afleiðingum sem dreifast t.a.m. með afar misjöfnum hætti eftir atvinnugreinum, búsetu og uppruna.

Möguleg ójafnaðaráhrif COVID-19 ná jafnframt langt umfram núverandi efnahagskreppu. Þær skuldir sem hið opinbera hefur þurft að safna til að bregðast við afleiðingu faraldursins mun þurfa að jafna út fyrir eða síðar. Hvort sem það verður verðbólga, hagvöxtur, aukin skattlagning eða samblanda af því og öðru sem tekur við þá er ljóst að það mun koma ólíkt við ólíka hópa og kynslóðir og hafa bæði bein og óbein áhrif á dreifingu efnahagslegra gæða.

Heimsfaraldur COVID-19 hefur ekki áhrif á niðurstöður þeirra greinargerða sem hér birtast en hann setur þær hins vegar í nýtt samhengi. Þó hér sé aðeins snert á afmörkuðum hlutum þessa viðamikla umræðuefnis má kannski finna í greinargerðunum einskonar útgangspunkt í hina óhjákvæmilegu og mikilvægu umræðu um áframhaldandi jöfnuð á Íslandi sem vænta má á komandi árum.

³ <https://blogs.imf.org/2020/05/11/how-pandemics-leave-the-poor-even-farther-behind/>

1. Ójöfnuður í sviðsljósinu:

Gini og aðrir mælikvarðar á jöfnuð

Á síðustu þremur áratugum hefur ójöfnuður aukist í nær öllum aðildarlöndum Efnahags- og framfarastofnunarinnar OECD (Mynd 1). Sé horft yfir hópinn allan eru meðaltekjur ríkustu tíu prósentanna um 9,5 sinnum hærra en fátækustu tíu prósentanna en munurinn var sjöfaldur fyrir tveimur áratugum. Þessi þróun hefur í vaxandi mæli verið til umræðu meðal almennings og stjórnvalda og margir hafa lýst sérstökum áhyggjum af hinu vaxandi bili á milli þeirra ríkustu og þeirra fátækustu, eða einfaldlega þeirra ríkustu og allra hinna, og spyrja hvaða áhrif þessi þróun kunni að hafa á samfélög. ^{4 5}

Áhyggjur þessa fólks snúast ekki síst að því að vaxandi ójöfnuður, jafnvel bara *hugmyndin* um vaxandi ójöfnuð, ali á óánægju meðal ákveðinna hópa samfélagsins og geti kynt undir þjóðfélagslegum átökum, aukið fylgi popúlista, stuðlað að vaxandi einangrunarhyggju, og valdið óstöðugleika. Ef horft sérstaklega til þróaðra landa er nær óumdeilt að á síðustu árum og áratugum hafa ýmis neikvæð teikn verið á lofti: Félagslegur hreyfanleiki minnkar víða, einstök fyrirtæki njóta óhóflegs markaðsstyrks og húsnæðismarkaður býður ekki upp á kosti sem henta stórum hópum, einkum ungu fólki. (OECD, 2018).


Ójafnaðarumræða teygir anga sína víða en kannski má með nokkurri einföldun segja að undanfarin ár hafi hún einkum snúið að fernu: 1) Að

⁴ Í umfjöllun sem þessari væri bæði hægt að tala um þróun „jafnaðar“ og „ójafnaðar“ og er misjafnt hvort hugtakið er notað daglegu tali á Íslandi. Hér verður talað um „ójöfnuð“ og er það þá þýðing á hinu enska orði „inequality“ sem jafnan er notað í alþjóðlegri umræðu.

⁵ Þróun ójafnaðar í þróuðum löndum (OECD) er í tali oft yfirfærð á heiminn allan. Hér skal því haldið til haga að þó að ójöfnuður eins og hann mælist með gini-stuðli hafi aukist í flestum (en þó ekki öllum) þróuðum löndum á síðustu áratugum þá hefur það ekki verið raunin um allan heim, eins og sjá má á rauðu punktunum í samanburði við aðra á mynd 1).

hlutdeild þeirra allra ríkustu (oft talað um efsta prósentíð) í tekjudreifingunni hafi stórukist. 2) Að hlutur miðstéttarinnar hafi á sama tíma staðnað. 3) Að laun hafi ekki vaxið í takt við framleiðni, sem þýðir að stærri hluti þjóðarkökunnar fer til fjármagnseigenda í formi leigu, vaxta og arðgreiðsla. 4) Að hinir ríku hafi endurfjárfest sínum (auknu) tekjum og þar af leiðandi aukið enn ójöfnuð eigna.

Mynd 2 Þróun Gini stuðulsins um allan heim frá 1990 til 2015



Heimild: Oxford University, Our World in Data (2020). Eigin útreikningar. Þau lönd sem falla ofan 45° línunnar eru þau lönd þar sem gini-stuðullinn hefur hækkað á tímabilinu. Valin aðildarlönd OECD eru merkt rauðu til aðgreiningar. Ísland er ekki með í þessum gögnum en ekki eru til sambærileg gögn lengra en aftur til 2004. Væri Ísland teiknað inn miðað við sambærilegt gildi stuðulsins 2004 og 2015 væru hnitin 26,1 og 25,5.

1.1 Hvað segja spekulantarnir?

Segja má að þetta hafi allt kristallast í skyndilegri heimsfrægð hagfræðingsins Thomas Piketty þegar metsölubók hans *Fjármagn á 21. öldinni* kom út árið 2014. Rannsóknir Piketty og félaga byggja á

skattagögnum og beindu athygli lesenda sérstaklega að vaxandi hlut hinna allra ríkustu. Frægust er niðurstaða Piketty um að á meðan ávöxtun fjármagns sé hærrí en hagvöxtur ($r > g$) þá sé tilhneiging til þess að auður safnist upp og dreifist sífellt ójafnar.

Niðurstöður og aðferðafræði Piketty eru umdeildar og hafa fræðimenn, jafnt íhaldssamir og frjálslýndir, skipst í flokka um hvort þeir telja niðurstöðurnar áreiðanlegar eða ekki. Rökin eru fjölbreytt en eiga það sameiginlegt að snúast um hvernig horft er á gögnin. Sumir benda á að vissar breytingar á sköttum gætu bjagað gögn fyrir ákveðin árabíl. Aðrir benda á að vaxandi tíðni skilnaða í neðri hluta tekjudreifingarinnar skekki öll gögn sem byggja á skatteiningum. Þá er deilt um verðmat á hlutabréfaeignum; sú staðreynd að verð hlutabréfa getur sveiflast töluvert gerir að verkum að erfitt er að leggja mat á virði þeirra á hverjum tímapunkti. Sumir telja að fjármagnstekjur séu ofmetnar vegna þess að tekjur sem koma frá eignarhaldsfélögum séu ekki bara fjármagnstekjur heldur geti einnig verið launatekjur ákveðinna stétta (s.s. lögfræðinga). Þá eru alls ekki allir sammála því að „r“ sé raunverulega stærra en „g“. Og svo eru loks enn aðrir sem segja að þessi gögn séu gölluð, eins og öll önnur, en að líklega séu niðurstöðurnar þó ekki fjarri lagi.

Þessi rökræða er dæmigerð fyrir umræðu um mælingar á tekjudreifingu og ójöfnuði yfir höfuð. Gögn séu oft takmörkuð og samanburður á milli landa erfiður. Þess vegna skiptir öllu að skilja vel hvað hver mælikvarði fyrir sig mælir og hverjir eru kostir og gallar undirliggjandi gagna.


1.2 Mælingar á jöfnuði

Mælikvarðar á jöfnuð eiga það sameiginlegt að reyna að lýsa ákveðinni dreifingu, til að mynda dreifingu launa, ráðstöfunartekna eða eigna með einni eða fáum tölum. Styrkur þeirra er oft sá sami og veikleikinn - það er að segja hin einfaldaða lýsing á flóknu mengi upplýsinga sem á sama tíma eykur skilning og takmarkar hann.

Algengasti mælikvarðinn á jöfnuð er hinn svokallaði gini-stuðull. Hann ber nafn ítalska tölfræðingsins Corrado Gini sem kynnti hann til sögunnar árið 1912. Gini byggði á vinnu

Bandaríkjamannsins Max Lorenz sem [Mynd 3 Gini stuðullinn á](#) sjö árum áður hafði sett fram hina svokölluðu Lorenz-kúrfu; myndræna framsetning á tekjudreifingu sem sýnir hvernig heildartekjur dreifast á milli tekjuhópa. Gini-stuðullinn mælir í einni tölu milli

0 og 100 hvernig samanlagðar ráðstöfunartekjur á neyslueiningu allra einstaklinga í landinu dreifast. Hann væri 0 ef allir hefðu sömu tekjurnar en 100 ef sami einstaklingurinn hefði allar tekjurnar. Gini er í eðli sínu heldur tæknilegur stuðull, bæði í útreikningi og aflestri. Oftast er mælikvarðinn reiknaður út frá ráðstöfunartekjum og er það svo



í gini-stuðlinum sem Hagstofa Íslands birtir. (WIR, 2018)

1.3 Aðferðafræði við gini á Íslandi

Gini-stuðullinn sem jafnan er miðað við héraendis er birtur af Hagstofu Íslands. Hann byggir á gögnum um *ráðstöfunartekjur á neyslueiningu* samkvæmt niðurstöðum lífshagfræðisráðs Hagstofunnar.

Ráðstöfunartekjur eru heildartekjur heimilisins eftir skatta, að meðtöldum greiðslum úr félagslega kerfinu. Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu (e. equivalised disposable income) eru skilgreindar sem *ráðstöfunartekjur eftir að tillit hefur verið tekið til heimilisstærðar og þeirrar hagkvæmni í rekstri heimilisins sem fæst við það að fleiri en einn búa undir sama þaki*. Samkvæmt skilgreiningu Evrópusambandsins telst hagnaður af sölu hlutabréfa og verðbréfa ekki til ráðstöfunartekna í þessari rannsókn. Aðrar fjármagnstekjur, svo sem vaxtatekjur og arður af hlutabréfum, teljast hins vegar til ráðstöfunartekna.

Lífshagfræðisráðs rannsóknin er úrtakskönnun þar sem gagna er aflað með viðtölum við þátttakendur í síma. Auk þess er aflað upplýsinga um tekjur þátttakenda og heimilisfólks með tengingu við skattskrá. Grunneiningin er heimili fremur en einstaklingar. Úrtakið er fengið á þann hátt að ríflega 5.000 einstaklingar

eru valdir með slembni úr þjóðskrá og þar með heimilið sem þeir tilheyra. Sá einstaklingur sem er valinn í úrtakið veitir allar upplýsingar um aðstæður heimilis, sínar eigin og annars heimilisfólks. Lífskjararannsóknin er langsníðsrannsókn þar sem haft er samband við hvern og einn 4 ár í röð svo skoða megi breytingar á lífskjörum á milli ára.

Hagstofa Íslands hefur rannsakað lífskjör hér á landi frá árinu 2004. Gögnum er safnað frá febrúar og fram í maí ár hvert en tekjuupplýsingar byggjast á framtalsgögnum nýliðins árs. Í samræmi við vinnulag hagstofu Evrópusambandsins miðast umfjöllun við árið sem gagnanna er aflað en tekið fram að tekjuupplýsingar séu þá í raun frá árinu á undan. (Hagstofa Íslands, 2020)

Þetta þýðir að á árinu 2019 var birtur „Gini-stuðull 2018“ sem byggir á tekjugögnum frá árinu 2017 (auk svara við spurningum í könnunni sem veitt voru 2018).

1.4 Um eiginleika gini-stuðulsins

Eins og á við um flesta mælikvarða þá hefur gini-stuðullinn bæði kosti og galla. Hér verður fjallað um helstu takmarkanir stuðulsins og ýmsa þætti sem mikilvægt er að skilja við aflestur gini-gagna:

- *Gini segir til um breytileika innan dreifingar en ekki um eðli dreifingarinnar sjálfrar.* Gjörólíkar tekjudreifingar geta haft sama gini-stuðul; ríkt land og fátækt land sem hafa sömu hlutfallslegu dreifingu hefðu sama stuðullinn. Stuðullinn segir jafnframt ekki til um hvar í dreifingunni ójöfnuðurinn liggur. Sem dæmi má nefna að helmingur þjóðar gæti verið tekjulaus en tekjur skipst jafnt í hinum helmingnum. Í öðru landi gæti málum verið þannig háttað að 75% þjóðar hefðu 25% teknanna en 25% hefðu 75% teknanna. Gini-stuðull beggja landa væri engu að síður 50.
- *Gini getur vanmetið eða vanskýrt breytingar sem verða á ákveðnum stöðum í dreifingunni.* Sem dæmi má nefna að það gæti dregið úr fátækt í landi á sama tíma og hlutur efstu 10% í tekjudreifingu ykist. Ef áhrifin væru af svipaðri stærðargráðu þá héldist gini-stuðullinn óbreyttur og gæfi þannig til kynna óbreytta tekjudreifingu, jafnvel þó að öll miðstéttin væri miklu verr sett. Almennt er talað um að gini-stuðullinn sé of næmur fyrir breytingum um miðja launadreifinguna en ekki nægilega næmur fyrir breytingum á

jöðrunum. Þó eru til rannsóknir sem benda til þess að þessu sé öfugt farið í vissum tilvikum en hér verður ekki farið djúpt í þá umræðu og látið nægja að segja að það hvar í dreifingu breyting á sér stað hefur áhrif á hvernig breytingin endurspeglast í Gini (Gastwirth, 2015).

- *Gini tekur ekki mið af ævitekjum.* Þar sem tekjur breytast með aldri þýðir þetta að mælingar á gini-stuðli á tilteknu ári, eða röð fárra ára, munu alltaf sýna ójafnar tekjur, jafnvel þó að ævitekjur allra séu nákvæmlega jafn háar.
- Af sömu ástæðu geta því ýmsar *samfélagsbreytingar haft villandi áhrif* á gildi gini-stuðulsins. Dæmi um þetta eru stærð kynslóða, lengri meðalævi, breytingar á lífeyrisaldri og hækkandi menntastig (lengri skólaganga). Allt eru þetta breytingar sem er ekki ólíklegt að hafi neikvæð áhrif á gildi gini þó samfélagsleg áhrif geti verið jákvæð eða neikvæð.
- Um gini gildir eins og aðra mælikvarða á tekjujöfnuð *að stuðullinn er aldrei betri en gögnin* sem lögð eru til grundvallar við útreikninga (sbr. umfjöllun um útreikning á Íslandi). Þá getur verið erfitt að nota hann í samanburð á milli landa þar sem gögnin sem liggja til grundvallar geta verið ólík. Gini-stuðullinn á Vesturlöndum, í Suður-Ameríku og á eyjum Karíbahafsins er til dæmis jafnan reiknaður út frá tekjum en fyrir önnur lönd er oft unnið út frá neyslu og útgjöldum sem eru oftast jafnari en tekjur. Evrópsk samanburðartölfræði byggir jafnan á lífskjararannsókninni. Hún er hins vegar ekki eins framkvæmd alls staðar. Í sumum löndum er hún heimsóknakönnun og í öðrum ekki. Þá hafa sum lönd skattaskrá sem keyrð er samhliða könnunum til að staðfesta tekjuupplýsingar en önnur lönd reiða sig eingöngu á svör í könnunum.

1.5 Hvað segir þetta þá um hvað gini-stuðullinn hentar best í að skoða?

Gini-stuðullinn lýsir ágætlega almennri þróunar ójafnaðar í samfélagi yfir lengri tíma. Hann nær til ráðstöfunartekna og endurspeglar því þróun í launum, greiðslum úr félagslega kerfinu og vaxtatekjum og arði af hlutabréfum (*hagnaður* af sölu hlutabréfa telst hins vegar ekki til ráðstöfunartekna).


Þá gagnast hann vel í alþjóðlegum samanburði, sérstaklega þar sem gögn eru sambærileg. Fyrir Ísland eru gini-stuðlar annarra Norðurlandanna bestir til samanburðar, bæði vegna þess að velferðarkerfi og helstu innviðir eru um margt svipuð því sem gerist á Íslandi og ekki síður vegna þess að lífshæðisbætur er hjá þeim löndum framkvæmd á sambærilegan hátt og hér, og einnig studd af undirliggjandi skattagögnum. Þar geta þó jafnvel verið undirliggjandi breytur sem samanburður nær ekki til, svo sem ólíkur meðalaldur þjóðanna.

1.6 Af þróun gini á Íslandi

Tekjudreifing á Íslandi er mjög jöfn í alþjóðlegum samanburði. Hagstofan birtir einnig svokallaðan fimmtungastuðul (e. income quintile share ratio) sem mælir hlutfall þeirra hlutar heildartekna sem fara til efstu og neðstu fimmtunga

tekjudreifingarinnar. Sá stuðull sýnir einnig tiltölulega jafna tekjudreifingu. Sama má segja um svokallað *lágtekjuhluftfall* sem segir til um stærð þess hóps í tekjudreifingunni sem verst stendur.


Mynd 4 Þróun gini stuðulsins (Hagstofa Íslands, 2020)



Lágtekjumörk miðast við 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu. Gildi gini, fimmtungastuðulsins og lágtekjumarkanna hafa jafnan stefnt í sömu átt (Myndir 3 og 4) og stendur gini stuðullinn nú í svipuðum gildum og við upphaf mælinga (skv. lífshæðisbætur) árið 2004. Sveiflur hafa þó orðið á tímabilinu, einkum á árunum í kringum bankahrunið.

Í bók Stefáns Ólafssonar og Arnaldar Sölva Kristjánssonar um ójöfnuð á Íslandi er horft lengra aftur í tímann og sýna höfundar að tekjur og eignir

Mynd 5 Þróun lágtekjumarka og fimmtungastuðuls (Hagstofa Íslands, 2020)



skiptust mjög ójafnt á fyrri hluta síðustu aldar en urðu jafnari áratugina eftir seinni heimsstyrjöldina. Þá bættist Ísland í hóp norrænu þjóðanna með eina jöfnustu tekjuskiptingu heims og var það svo fram á

tíunda áratuginn þegar ójöfnuður jókst aftur. Sú þróun náði hámarki í aðdraganda bankahrunsins en hefur síðan gengið til baka, að minnsta er horft er á tekjur. Það er því óhætt að segja að saga Íslands sem jafnaðarlands sé í raun tiltölulega ung (Ójöfnuður á Íslandi, 2017).

1.7 Úrtaksstuðull í litlu landi

Þegar lagt er mat á þróun gini-stuðulsins er mikilvægt að setja ýmsa fyrirvara. Þar sem útreikningar byggja á úrtaksrannsókn er hæpið að draga miklar ályktanir af breytingum frá ári til árs og öruggara jafnvel að miða við reiknað öryggisbil stuðulsins en eitt gildi. Tímabundin frávik, eins og til að mynda má sjá árið 2014, má líklega skýra með úrtaksvillu. Þar sem til dæmis er fátt hátekjufólk í gögnum geta sveiflur meðal þeirra haft áhrif á gildi stuðulsins vegna þess að upphæðirnar eru háar og miklar breytingar hjá einni fjölskyldu þar (dæmi: stofnandi hugbúnaðarfyrtækis sem selur fyrirtæki sitt) geta því haft töluverð áhrif á stuðulinn. Vert er þó að taka fram að Hagstofan innleiddi nýjar vogir 2017 og 2018 sem ættu að draga nokkuð úr úrtaksvillum.⁶ Of snemmt er þó að segja til um hvort lækkun gini-stuðuls árið 2018 er markverð og mun það skýrast á því hvort áframhald verður á þeirri þróun á næsta ári eða ekki. Nefna má að

⁶ Hluti af gagngerrni endurskoðun á Lífskjararannsókn var hönnun nýrra voga. Með vog er átt við fjölda staka í úrtaki úr tilteknum hópi. Þeim er áætlað að stuðla að því að gögnin endurspegli þýðið sem best með tilliti til þátta eins og aldurs, kyns, búsetu osfrv. Ein helsta breyting með nýju vogunum er að tekið er tillit til fleiri þátta en var.


áhugavert væri að sjá gini-stuðla reiknaða út frá skattgögnum frá öllum framteljendum til samanburðar.

1.8 Hversu mikið leiðréttir velferðarkerfið?

Gini-stuðullinn er eins og áður sagði jafnan reiknaður út frá ráðstöfunartekjum. Stuðullinn má þó reikna út frá öðrum forsendum til nánari glöggvunar. Með því að bera saman *gini ráðstöfunartekna* annars vegar og *gini fyrir skatta og tilfærslur* hins vegar má til að mynda einnig skoða ójöfnuð miðað við launin og síðan hversu mikil jöfnunaráhrif skatta- og tilfærslukerfisins hafa á hann.

Þetta skoða alþjóðlegar stofnanir sérstaklega. Evrópska hagstofan Eurostat er einna besti kosturinn fyrir Ísland í alþjóðlegum samanburði og eiga tölur hennar að vera með öllu sambærilegar tölum Hagstofunnar. OECD heldur einnig umfangsmikinn gagnabanka um ójöfnuð en þar eru gerðir eigin útreikningar á lífskjaragögnunum og því getur einhver munur verið á niðurstöðum. Eurostat skoðar bæði ráðstöfunartekjur óleiðréttar og


Mynd 6 Leiðréttingakraftur skatta og velferðarkerfis í löndum OECD



ráðstöfunartekjur eftir að leiðrétt hefur verið fyrir tilfærslum (s.s. bótum). OECD leiðréttir hins vegar einnig fyrir sköttum og er áhugavert að glöggva sig á þessum mismunandi mælingum á tekjur.⁷ (Myndir 6 og 7)

Mynd 7 Leiðréttingakraftur skatta og velferðarkerfis í

Evrópu



Heimildir: OECD (2020) og Eurostat (2020)

⁷ Nokkrar tafir hafa verið á gagnaskilum til alþjóðastofnana um gini-stuðul á Íslandi. Leitað var til Hagstofunnar um skýringar og kom þá fram að það er vegna þess að unnið hefur verið að endurskoðun á Lífskjararannsókninni og skilum þess vegna verið frestað. Þannig er nýjasta uppfærsla á gini-stuðli fyrir Ísland í tekjugagnagrunni OECD frá árinu 2015 en nágrannalönd okkar hafa flest uppfærðar tölur sem ná að minnsta kosti einu ári lengra. Eurostat hefur uppfærðar tölur til 2018 fyrir öll lönd nema Ísland (2016), Svartfjallaland og Tyrkland (2017).

Af þessum samanburði að dæma er tekjudreifing á Íslandi jöfn jafnvel áður en til leiðréttinga velferðarkerfisins kemur. Minni leiðréttingar eiga sér stað hér á landi en í öðrum norrænum ríkjum.⁸

1.9 Aðrir mælikvarðar á jöfnuð

Nota má aðra mælikvarða á dreifingu tekna og eigna samhliða gini-stuðlinum til að vega á móti þeim takmörkunum sem honum fylgja. Oft er reynt að afmarka hópa, ýmist innan hluta tekjudreifingarinnar eða ákveðna samfélagshópa, og rýna nánar í gögn um tekjur og eignir þeirra. Þar er oft beitt hlutföllum, til dæmis á milli hópa í tekjudreifingunni og þróun þeirra skoðuð.

1.9.1 Hlutföll

Hlutföll eru af öllum mælikvörðum einföldust og aðgengilegust bæði í útreikningi og framsetningu. Þau veita að sama skapi takmarkaðri upplýsingar en kvarðarnir sem getur bæði verið kostur og galli. Algengast er að skoða:


- *Tíundahlutföll*: Hlutfall tekna ákveðins hlutfalls þeirra ríkustu í dreifingunni af tekjum ákveðins hlutfalls þeirra fátækustu í dreifingunni. Hlutfallið sýnir því tekjur hinna ríkari sem margfeldi tekna hinna fátækari. Veikleiki er að þessi hlutföll eru næm fyrir útlögum. Algeng hlutföll að skoða eru: T10/T1: Hlutfall ríkustu tíu

⁸ Lífeyrisgreiðslur teljast hér til tekna en ekki tilfærsla. Í umfjöllun um tekjutíundir í næsta hluta þessa rits má sjá ítarlegri upplýsingar um lífeyrisgreiðslur og einnig hvernig barna- og vaxtabætur dreifast á milli hópa.

prósenta af fátækustu tíu; T10/T5: Hlutfall ríkustu tíu prósentu af þeim sem sitja í miðri dreifingunni; T5/T1: Hlutfall miðju dreifingarinnar af fátækustu tíu prósentunum. Á myndum 6-9 má sjá þessi tekjuhluftöll fyrir Ísland, *reiknuð samkvæmt gögnum úr skattframtölum*. Hlutföllin eru öll svipuð eða lægri nú en þau voru fyrir tveimur áratugum en hafa sveiflast á þeim tíma. Ítarefni um hlut tíunda í tekjudreifingunni er að finna í næsta hluta þessarar umfjöllunar.

- *Palma hlutfall:* Hlutfall ríkustu tíu prósentu dreifingarinnar í heildartekjum af hlutfalli neðstu 40%. Þetta hlutfall byggir á niðurstöðu hagfræðingsins Palma sem sýndi að miðja

Mynd 8 Tíundahlutföll tekna 2018 (T10 er efsta tíund, T1 sú neðsta)



dreifingarinnar hefur jafnan fengið svipaðan hlut tekna en breytingar eru meiri á jöðrunum.

Heimild: Hagstofa Íslands (2020). Eigin útreikningar.


1.9.2 Önnur sjónarhorn

Ýmsir aðrir stuðlar eru til sem mæla jöfnuð en þeir hafa oft aðra styrkleika og veikleika en gini. Flestir eru þeir tæknilegri og nokkrir hafa þann eiginleika að geta vegið hærra eða lægra ákveðna hópa innan tekjudreifingarinnar. Enginn þeirra hefur þó náð fótfestu á sama hátt og gini-stuðullinn. Í viðauka 1 er nánar fjallað um þessa stuðla.

Þá má setja laun í samhengi við aðra hluta hagkerfisins með því að setja laun í samhengi við alla verðmætasköpun hagkerfisins. Í slíkum samanburði kemur Ísland vel út og fer hvergi hærra hlutfall verðmætasköpunarinnar í

laun en hér (Mynd 9). Hlutfallið er jafnframt hátt í sögulegu samhengi sem er ólíkt þróuninni víða um heim (ILO, 2019).

Mynd 9 Hlutfall launa af verðmætasköpun




Heimild: Stjórnarráð Íslands. Gögn fyrir Ísland árið 2018 eru frá Hagstofu Íslands en gögn annarra landa frá OECD.

Önnur hugtök sem oft er vísað í við rannsóknir á ójöfnuði eru til dæmis: *Ójöfnuður yfir ævina* (*e. lifetime inequality*) sem vísar til hversu jafnar tekjur einstaklinga yfir ævina eru, *ójöfnuður eigna* (*e. wealth inequality*) sem vísar til dreifingar eigna á meðal einstaklinga eða fjölskyldna og *ójöfnuður tækifæra* (*e. inequality of opportunity*) sem fjallar um tekjuáhrif eiginleika sem einstaklingar hafa ekki stjórn á (s.s. félagslegra aðstæðna fjölskyldu, kyns, kynþáttar o.s.frv.) (IMF, 2017).

Vert er hér að minnast á að um marga þessa þætti má fá góða innsýn í á vefsvæðinu tekjusagan.is, þar má sjá lífskjör einstakra hópa og þróun þeirra yfir síðastliðinn aldarfjórðung. Til stendur að uppfæra vefinn síðar á árinu 2020 og bæta við upplýsingar um fasteignir, aðrar eignir, skuldir, kyn og menntastig.

Í lífskjararannsókn Hagstofunnar (sem notuð er til útreiknings gini) eru jafnanframt lagðar fyrir fólk spurningar sem veitt geta innsýn í lífsgæði og ójöfnuð. Til að mynda er spurt um „erfiðleika við að ná endum saman“ og er þannig reynt að fanga upplýsingar sem mælikvarðar á tekjudreifingu ná annars ekki til. Séu svör á Íslandi borin saman við hin norrænu ríkin kemur í ljós að þrátt fyrir að Ísland hafi lægri gini-stuðul en þau þá segjast mun fleiri hér eiga erfitt með að ná endum saman (Mynd 10).

Mynd 10 Hlutfall þeirra sem eiga erfitt með að ná endum saman á Norðurlöndum



Heimild: Eurostat. Súlurnar sýna hlutfall svarenda sem sögðust eiga „mjög erfitt“, „erfitt“ eða „nokkuð erfitt“ með að ná endum saman. Svör vantar í gagnagrunn Eurostat fyrir Ísland árin 2017 og 2018. Árið 2016 sögðust 20,9% svarenda eiga *mjög erfitt* með það, 7,9% sögðust eiga *erfitt* og 6,2% *nokkuð erfitt*. Hlutfallsleg dreifing á milli þessara flokka er svipuð og annars staðar á Norðurlöndunum.

Þarna koma fram áhrif þátta sem ekki sjást í tekjudreifingunni. Í skýrslu Gylfa Zoega í aðdraganda kjarasamninga voru slíkir þættir gerðir að umtalsefni: „Lífskjör ákvarðast ekki aðeins af launum og neyslu heldur einnig af t.d. húsnæðiskostnaði, vaxtastigi og frítíma. Vextir Seðlabankans eru nú nærri sögulegu lágmarki í uppsveiflu hagkerfisins en vaxtamunur bankakerfisins - munur innláns- og útlánsvaxta - er hins vegar meiri en annars staðar á Norðurlöndunum. Húsnæðisverð og leiguverð hefur hækkað mikið undanfarin ár og Íslendingar vinna fleiri klukkustundir á viku hverri en íbúar sambærilegra landa. Yfirvinna er algeng.“ (Gylfi Zoega, 2018, bls 60)

1.10 Lokaorð um gini og mælingar á jöfnuði

Á Íslandi er jöfnuður tekna mikill samkvæmt þeim mælikvörðum sem hér hefur verið fjallað um. Það hefur verið raunin síðustu tvo áratugi nema í aðdraganda og eftirmálum bankahrunsins árið 2008. Jöfnuður er í alþjóðlegum samanburði jafnframt mikill hvort sem horft er til gini-stuðuls

fyrir eða eftir tilfærslur hins opinbera sem gefur vísbendingu um að launadreifing sé jöfn líka. Á sama tíma og jöfnuður hefur hér aukist síðastliðin ár hefur þróunin verið öfug í flestum iðnríkjum.

Áhugaverðar spurningar sem enn er ósvarað eru til dæmis: Af hverju hefur ójöfnuður ekki aukist eins hér og í mörgum iðnríkjum síðustu ár? Hvaða mynd gæfi þessi jafnaðartölfræði samhliða heilbrigðistölfræði, t.d. um fjölda öryrkja, aðgang að heilbrigðisþjónustu, fjarvistir vegna veikinda barna o.s.frv.? Af hverju eiga svo margir á Íslandi erfitt með að ná endum saman?

Heimildir

Eurostat, Gini coefficient of equivalized disposable income - EU SILC survey

Eurostat, Inability to make ends meet - EC SILC survey

The Economist, 20. janúar 2016. *Home ownership is the West's biggest economic-policy mistake.*

Gylfi Zoega (2018). *Staða efnahagsmála í aðdraganda kjarasamninga.* Háskóli Íslands.

<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=e9054c76-a7ae-11e8-942c-005056bc530c>

Hagstofa Íslands, Dreifing ráðstöfunartekna sveiflast milli ára, 18. desember 2019.

<https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/laun-og-tekjur/gini-studull-og-lagtekjumork-2018/>

Hagstofa Íslands, Lýsigögn: Lífskjararannsókn Hagstofu.

<https://hagstofa.is/utgafur/lysigogn/lysigogn/?fileld=56788>

IMF Fiscal Monitor: Tackling Inequality (2017)

<https://www.imf.org/en/Publications/FM/Issues/2017/10/05/fiscal-monitor-october-2017>

Joseph L. Gastwirth (2016). *Is the Gini Index of Inequality Overly Sensitive to Changes in the Middle of the Income Distribution?* George Washington University.

OECD (2020), Income inequality (indicator). doi: 10.1787/459aa7f1-en (Accessed on 10 February 2020)

OECD (2018), *A Broken Social Elevator? How to Promote Social Mobility*, OECD Publishing, Paris, <https://doi.org/10.1787/9789264301085-en>.

Our World in Income). *Gini index of income in 2015 vs. 1990 (GCIP - including non-survey years).*

Stefán Ólafsson og Arnaldur Sölvi Kristjánsson (2017). *Ójöfnuður á Íslandi*, Háskólaútgáfan.

ILO (2019), *The global labour income share and distribution*, <https://www.ilo.org/ilostat-files/Documents/Labour%20income%20share%20and%20distribution.pdf>

University of Oxford. Sótt í janúar 2020: www.ourworldindata.org

World inequality report (2018). World inequality lab.

Viðauki 1

Aðrir mælikvarðar á jöfnuð

- *Lorenz-kúrfan*: Ein einfaldasta framsetning á jöfnuði. Á láréttum ási er uppsafnað hlutfall fólksfjöldans, frá þeim tekjulægstu til þeirra tekjuhæstu. Á lóðréttum ási uppsafnað hlutfall tekna. Kúrfan sýnir þannig hlutfall heildartekna sem tilheyrir x prósentum mannfjöldans. Kúrfan er jafnan sett fram samhliða 45 gráðu línu sem sýnir fullkomlega jafna skiptingu. Því fjær sem Lorenz kúrfan er frá 45 gráðu línunni, því ójafnari er dreifingin.
- *Gini-stuðullinn*: Hlutfallið á milli Lorenzar kúrfunnar og 45 gráðu línunnar. *Nánar rætt í meginumfjöllun.*
- *Atkinson-stuðullinn*: Veginn stuðull sem gerir meðal annars kleift að skoða hvaðan úr dreifingunni ójöfnuður kemur.
- *Hoover-stuðullinn*: Hlutfall tekna sem þyrfti að endurúthluta til að ná fullkomnum jöfnuði. Gildi stuðulsins segir þannig til um hlutfall heildartekna sem þyrfti að taka af þeim sem eru yfir meðaltekjum og færa til þeirra sem eru undir meðaltekjum svo jöfnuður sé alger. Há gildi tákna þannig meiri ójöfnuð og lág gildi minni.
- *Theil-stuðullinn og GE-kvarðar*: Gildi GE-mælikvarða er ekki síst að þá má brjóta upp, þ.e.a.s. hægt er að skoða ójöfnuð hjá smærri hópum innan dreifingarinnar. Þá er hægt að velja gildi stikans α til að leggja áherslu á tekjubil á ákveðnum stað dreifingarinnar. Ef gildi er lægra tekur stuðullinn meira tillit til breytinga neðst í kúrfunni en ef gildið er hærra er það næmari á efri hluta kúrfunnar. Algengast er að nota 0 (L-Theil), 1 (T-Theil) og 2 (e. *coefficient of variation*).
- *Hlutföll*: Einfalt hlutfall á milli ólíkra hópa í tekjudreifingunni.

2. Tekjutíundir: Hverjir eru hvar í tekjudreifingunni?

Ein leið til að meta tekjudreifinguna er að beina athyglinni að afmörkuðum hópum innan hennar. Skilgreina mætti hópana á marga vegu, til dæmis út frá lýðfræði (kyni eða bakgrunni) eða stöðu á vinnumarkaði. Hér verður linsan höfð sem víðust og horft til allra skattskyldra einstaklinga út frá því hvar í tekjudreifingunni þeir eru.

Það sem meðal annars sést úr þessu er að í fyrstu tveimur tekjutíundunum er að stórum hluta ungt fólk (undir 25 ára), að konur eru hlutfallslega flestar í þriðju og fjórðu tíund, að einstaklingar af erlendum bakgrunni eru hlutfallslega flestir í fimmtu og sjöttu tíund, að hlutur sjöundu og áttundu tíundar í atvinnutekjum hefur hækkað lítillega á síðustu árum en hlutur þeirra í ráðstöfunartekjum lækkað og að menntastigið er hæst í níundu og tíundu tíund.

Greiningin veitir þannig félagslegt og fjárhagslegt samhengi fyrir tekjutíundirnar sem svo oft ber á góma í umræðu um launabil og jöfnuð.

Skattagögn hafa þó sínar takmarkanir eins og önnur gagnasöfn. Hér verður því fyrst farið yfir aðferðafræðina. Næst verður fjallað á myndrænan hátt um stöðu vissra samfélagshópa og þróun síðustu tvo áratugi í því samhengi. Að lokum koma tíu yfirlitssíður sem sýna helstu upplýsingar um hverja tíund fyrir sig.

2.1 Aðferðafræði og gögn

Hagstofa Íslands safnar og greinir gögn úr skattframtölum einstaklinga. Framtalsskyldir eru allir 16 ára og eldri sem skattskyldir eru á Íslandi. Þetta er mikilvægt að leggja áherslu á enda þýðir það að tekjudreifingin nær til dæmis líka til unglinga í foreldrahúsum sem gætu haft smávægilegar tekjur

af hlutastörfum. Miðað er við tímabilið frá 1997 til 2018 . Tekjutiundir eru skilgreindar út frá heildartekjum og greiningin unnin út frá því.⁹

Þessi rannsókn er takmörkuð við stakar breytur. Það þýðir til dæmis að hægt er að skoða fjölda kvenna í ákveðinni tíund og fjölda einstaklinga af erlendum bakgrunni í sömu tíund en ekki fjölda kvenna af erlendum bakgrunni. Það mætti hugsa sér í framhaldinu viðameiri sérkeyrslu úr gagnagrunni Hagstofunnar svo ítarlegri greining væri möguleg. Þá eru ákveðnar takmarkanir á upplýsingum sem fást úr skattagögnum almennt. Eignir geta til dæmis verið vanmetnar og þá sérstaklega vegna þess að hlutabréf eru gefin upp á nafnvirði og fasteignir miða við fasteignamat. Skattframtöl ná jafnframt aðeins til þeirra sem greiða skatt og hið „svarta hagkerfi“ því aldrei inni í myndinni. Þá eru undanskot frá skatti og faldar eignir í svokölluðum skattaskjólum eðli málsins samkvæmt ekki á skattframtölum.

Í töflu 1 er yfirlit yfir helstu breytur sem fjallað er um og skilgreiningar þar sem við á.

Tafla 1 Breytur og skilgreiningar

KYN	Karlar, konur
ALDUR	19 ára og yngri, 20-24 ára, 25-29 ára, 30-34 ára, 35-39 ára, 40-44 ára, 45-49 ára, 50-54 ára, 55-59 ára, 60-64 ára, 65-69 ára, 70-74 ára, 75 ára og eldri
MENNTUN	Engin menntun eða minna en barnapróf, barnaskólamenntun, grunmenntun, framhaldsskólamenntun, viðbótarstig (t.d. iðnmeistaránám eða grunndiplóma), háskólamenntun (stutt nám, án háskólagráðu), háskólamenntun (bakkalágráða),

⁹ Öll gögn sem á eftir fara í umfjöllun um tekjutiundir eru unnin úr sérkeyrslu gagna frá Hagstofu Íslands.

	<p>háskólamenntun (meistaragráða), doktorsmenntun.</p> <p>Fyrirvari: Takmörkuð skráning er á menntastigi þeirra sem flytja til landsins. Hagstofan beitir eftirfarandi úrræðum til að koma til móts við það:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Allir fá barnaskólamenntun sjálfkrafa 2. Þegar einstaklingur lýkur námi á Íslandi, t.d. háskólanámi, þá er áætlað á viðkomandi lægra menntunarstig, t.d. stúdentsprófi. 3. Þegar engar upplýsingar liggja fyrir þá er áætlað/handreiknað út frá upplýsingum heimalands/héraðs/aldursbils/kyns og dreift að handahófi í sömu hlutföllum (dæmi: 50% líkur eru á að kona frá Noregi hafi stúdentspróf)
BAKGRUNNUR	<p>Erlendur bakgrunnur: Einstaklingur fæddur erlendis og á erlenda foreldra, afa og ömmur.</p> <p>Innlendur bakgrunnur: Aðrir.</p>
FJÖLSKYLDUSTAÐA	<p>Einstæð, gift / í sambúð</p> <p>Barnlaus, eitt barn, fleiri en eitt barn.</p>
TEKJUR	<p><i>Heildartekjur:</i> Samtala atvinnutekna, fjármagnstekna og annarra tekna</p> <p><i>Atvinnutekjur:</i> Launatekjur og aðrar starfstengdar tekjur, ökutækjastyrkur, dagpeningar og hlunnindi. Auk þess telst reiknað endurgjald og tekjur erlendis, aðrar en fjármagnstekjur, til atvinnutekna.</p> <p><i>Fjármagnstekjur:</i> Vaxtatekjur, arður, söluhagnaður og leigutekjur utan rekstrar. Auk þess teljast tekjur af atvinnurekstri til fjármagnstekna.</p>

	<p><i>Aðrar tekjur:</i> Lífeyrisgreiðslur, greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins og aðrar bótagreiðslur á borð við atvinnuleysisbætur og vaxta- og barnabætur.</p>
EIGNIR	<p><i>Heildareignir:</i> Allar eignir fjölskyldu að meðtöldum fasteignum, peningalegum eignum (innlán, verðbréf og aðrar peningalegar eignir) og aðrar eignir auk ökutækja.</p> <p><i>Fasteignir:</i> Samtala allra fasteigna fjölskyldu, bæði innlendra og erlendra. Verðmæti fasteigna er miðað við fasteignamat.</p> <p><i>Verðbréf:</i> Hlutabréf í innlendum og erlendum hlutafélögum á nafnvirði, eignarskattsfrjáls verðbréf, stofnsjóðseign og önnur verðbréf og kröfur.</p>
SKULDIR	<p><i>Heildarskuldir:</i> Allar skuldir fjölskyldu að meðtöldum fasteignaskuldum, ökutækjalánum, framkvæmdalánum, námslánum, yfirdráttarlánum og kreditkortalánum.</p> <p><i>Fasteignaskuldir:</i> Skuldir vegna fasteignakaupa.</p>

Heimild: Hagstofa Íslands


2.2 Dreifing heildartekna: Hvað er kökusneiðin stór?

Að gefnum þessum forsendum og varnögnum er sjónum beint að tekjutiundunum. Árið 2018 voru í hverri tíund 25.712 einstaklingar. Í efstu fimm prósentunum 12.856 einstaklingar og í efsta prósentinu 2.571 einstaklingur.

Á mynd 11 er yfirlit yfir tekjubil hverrar tíundar árið 2018. Svörtu punktarnir tákna meðaltekjur sem einnig eru sýndar með tölustöfum fyrir ofan tekjubilin. Mörk tekjutiunda eru skilgreind við mánaðartekjur þess tekjulægsta í hverri tekjutiund. Persónuverndarsjónarmið gera að verkum að Hagstofa getur ekki gefið upp efri mörk efstu tekjutiundar. Með því að skipta efstu tíu prósentunum í smærri hópa sést þó að mánaðartekjur tekjulægsta einstaklings í efstu fimm prósentunum eru um 1,2 milljónir og

Þess tekjulægsta í efsta eina prósentinu um 2,2 milljónir. Tekjur efstu tíu prósentanna eru langsamlega mest dreifðar en bilin minnst um miðbik dreifingarinnar.


Mynd 11 Tekjubil tekjutiunda skilgreind




Það hlutfall heildartekna allra sem hver tíund fær í sinn hlut hefur lítið breyst á síðastliðnum tveimur áratugum að undanskildu tímabilinu frá aldamótum fram að hruni þegar efstu 10% juku hlut sinn umtalsvert á kostnað annarra. Þetta sést á mynd 12. Hlutdeild hvarrar tíundar í heildartekjum ársins 2018 er hins vegar nánast nákvæmlega sú sama árið 1997. Mestar breytingar hafa orðið hjá efstu þremur tekjutiundum sem fá nú um 1% minni hlut heildartekna en áður en aðrar tíundir að sama skapi litlu meira.

Á mynd 13 er sýnd þróun hlutdeildar efsta prósents tekjudreifingarinnar af heildartekjum. Sjá má skarpan vöxt í tekjuhlutfalli þess hóps fyrir hrun sem aftur hefur jafnast síðan. Áhugavert er að skoða hlut efsta prósentsins af efstu tíu prósentunum. Fimmtungur af tekjum efstu tíu prósentanna fór til efsta prósentsins árið 1997, tæpur helmingur árið 2007 og aftur um fjórðungur árið 2018.

Mynd 12 Hlutfall tíunda af heildartekjum



Mynd 13 Hlutfall efsta 1% af heildartekjum




2.2.1 Nánar um fjárhagslega stöðu tíunda¹⁰

Dreifing heildartekna sýnir í raun tiltölulega jafna tekjudreifingu sem þó dreifist meira á efri hluta en neðri. Eftir vaxandi ójöfnuð í kringum efnahagshrunið árið 2008 er dreifingin nú aftur svipuð og hefur almennt verið síðustu tvo áratugi. Það er þó auðvitað margt fleira sem segir til um hag fólks en heildartekjur. Uppruni tekna skiptir máli (er um að ræða atvinnutekjur, lífeyristekjur eða bætur?) og sömuleiðis hversu mikið stendur eftir til ráðstöfunar þegar skattar hafa verið greiddir.

¹⁰ Ítarlegri tölfræði um samsetningu tekna hversrar tíundar, þróun yfir tíma og fleira er að finna í svipmyndum tekjutíunda í lok þessa kafla.

Á mynd 14 má sjá hversu hátt hlutfall tekna hversrar tíundar er atvinnutekjur og hvernig það hlutfall var árin 1997 og 2010 til samanburðar.

Mynd 14 Samanburður á hlutfalli atvinnutekna af heildartekjum




2.2.2 Ráðstöfunartekjur

Ráðstöfunartekjur eru heildartekjur að frádregnum sköttum. Á fyrstu mynd í yfirlitsmynd 15 má sjá meðalráðstöfunartekjur eftir tíundum og á síðari tveimur myndum hversu hátt hlutfall af ráðstöfunartekjum hefur sögulega farið í hlut hversrar tíundar fyrir sig. Meðal ráðstöfunartekjur eru stigvaxandi með nokkru stökki í ráðstöfunartekjum tíundu tíundar. Sé staðan skoðuð eins og hún var 1997, 2010 og svo 2018 má sjá að hlutur hversrar tíundar í ráðstöfunartekjum hefur lítið breyst. Allar tíundir nema sjöunda, áttunda og níunda tíund hafa aukið lítillega við hlut sinn (<0,4%). Sjöunda, áttunda og níunda tekjutíund fá hins vegar litlu minna hlutfall ráðstöfunartekna nú.

Mest hefur breytingin verið hjá níundu tíund sem fær tæplega einu prósentu minna af heildartekjum nú en fyrir tuttugu árum.

Myndir 15 Þrjár yfirlitsmyndir um þróun ráðstöfunartekna tíunda




2.2.3 Eignir og skuldir

Til eigna teljast allar eignir fjölskyldu að meðtöldum fasteignum, peningalegum eignum (innlán, verðbréf og aðrar peningalegar eignir), ökutækjum og öðrum eignum. Sjá má á mynd 8 að dreifing eigna á milli tíunda er ekki ósvipuð dreifingu tekna. Fyrir þriðju til sjöttu tíund eru fasteignir um 77% eigna, fyrir sjöundu til níundu tíund um 80% en fyrir tíundu tíund 68%.

Sé hlutfall hvernar tíundar í heildareignum skoðað á yfirlits mynd 16 sést að fimmtu, sjöttu og sjöundu tekjutíundir eiga litlu minni hlut heildareigna en áður, áttunda, níunda og tíunda tíund meiri. Hluta þessarar þróunar má hugsanlega skýra með fjölgun einstaklinga með erlendan bakgrunn í þessum tíundum sem hugsanlega koma ekki eignamiklir til landsins og tekur tíma að byggja upp eignir. Á hinn bóginn má nefna að efri tíundir (og sérstaklega sú efsta) eiga frekar hlutabréf og má ætla að væru þau metin á raunvirði væri hlutur þeirra í heildareignum stærri en hér kemur fram.

Mynd 16 Yfirlit yfir eignir og skuldir tíunda



Á síðustu mynd yfirlitsmyndar 16 má að lokum sjá hlutfall fasteignaskulda af heildarskuldum fyrir tíundir árin 1997, 2010 og 2018. Þar sjást áhrif kreppunnar í stórhækkuðu hlutfalli árið 2010 en að öðru leyti eru fasteignaskuldir nú minni hluti skulda hjá öllum tíundum en var fyrir tveimur áratugum.

Ítarlegri upplýsingar um eignir og skuldir er að finna í svipmyndum tíunda á síðum 28-37.


2.3 Tekjutíundir: Hvað einkennir hverja tíund?

2.3.1 Aldur

Aldur þeirra sem gera má ráð fyrir að séu á vinnumarkaði (~25-65 ára) helst að mestu í hendur við tíundir og verður meðalaldurinn þannig hærrí

með hærri tíundum. Aldursbil á yfirlitsmynd 17 miða við neðra bil hvers flokks. „20“ er þá 20-24 ára, „25“ er 25-29 ára og þar fram eftir götunum. Sjá má að fyrstu tvær tíundir eru að meirihluta ungt fólk. Um 40% fyrstu tíundar hafa að jafnaði verið yngri en tuttugu ára og um 60% yngri en

Mynd 17 Aldursdreifing tíunda




þrjátíu. Önnur tíund er aðeins eldri en þar eru um 20% yngri en tuttugu ára og um 50% undir þrítugu. 65 ára og eldri eru 30% þriðju tíundar og 40% þeirrar fjórðu. Hlutfallslega flesta eldri en 65 ára er að finna í þessum tveimur tekjutíundum.

2.3.2 Kyn


Á mynd 18 sést að konur eru í meirihluta í fyrstu sex tekjutíundum, jafn margar körlum í þeirri sjöundu, en í minnihluta í síðustu þremur. Í efstu tveimur tekjutíundum er hlutfall kvenna 38% og 28%.

Mynd 18 Kynjaskipting tíunda



Staða kvenna innan tekjudreifingarinnar hefur þó batnað umtalsvert á síðustu tveimur áratugum. Á mynd 19 sést hvernig hlutfall kvenna hefur þróast fyrir valdar tíundir.¹¹ Í fyrstu sjö tíundum hefur hlutfall kvenna lækkað en í efstu þremur hefur það hækkað.

Mynd 19 Hlutfall kvenna í völdum tíundum




2.3.3 Bakgrunnur

Fjöldi innflytjenda á Íslandi hefur margfaldast á undanförunum árum. Árið 1997 voru einstaklingar með erlendan bakgrunn, samkvæmt þeirri flokkun sem hér er miðað við, 2,5% skattskyldra en 14% árið 2018. Hlutfall þeirra hefur því vaxið í öllum tekjutíundum á síðustu tveimur áratugum.

¹¹ Hér og á sambærilegum myndum sem eftir fara er sýnd önnur hver tíund til þess að gera myndina skýrari. Jafnan má gera ráð fyrir að næstu tíundir við sýni sambærilega þróun.


Innflytjendur eru hlutfallslega fæstir í efstu þremur tíundunum. Fjöldinn hefur annars dreift nokkuð jafnt á tekjudreifinguna en þó hafa einna flestir bæst í fimmtu, sjöttu og sjöundu tekjutiund þar sem innflytjendur eru nú 14-16% fleiri en árið 1997. 12-13% fleiri eru í fyrstu fjórum tíundum og 2-10% í

Mynd 20 Hlutfall einstaklinga með erlendan bakgrunn



efstu þremur.


Mynd 21 Hlutfall fólks með erlendan bakgrunn fyrir valdar tíundir



2.3.4 Fjölskylduaðstæður

Fjölskyldustaða einstaklinga í tíundum er í takt við það sem búast mætti við miðað við aldersdreifingu. Fleiri eru giftir eða í sambúð í efri tíundum og fleiri eiga börn í efri tíundum.


Mynd 22 Yfirlit yfir fjölskylduaðstæður tíunda



2.3.5 Menntastig

Því hærra sem í tekjudreifinguna er farið því meiri menntun hafa þeir einstaklingar sem þar er að finna. Menntunarhlutfall vex nokkuð jafnt eftir tíundum og virðist lítil breyting hafa orðið á því í samanburði við árið 1997 önnur en að menntastig hefur almennt hækkað.

Mynd 23 Menntastig tíunda 1997 og 2018



2.4 Svipmyndir

Hér lýkur yfirliti um tekjudreifinguna og við tekur skoðun á hverri tíund fyrir sig. Í svipmyndum tekjutíunda á næstu tíu síðum eru helstu upplýsingar um stöðu og þróun hverrar tíundar fyrir sig.

Þessi yfirverð vekur líklega jafnvel enn fleiri spurningar en hún svarar. Áhugavert væri að skoða tekjudreifinguna út frá fleiri forsendum, til dæmis fyrir hvort kyn um sig eða aðeins út frá einstaklingum annað hvort á vinnumarkaði eða utan hans. Jafnframt væri áhugavert að skoða tengsl þeirra breyta sem hér hefur verið fjallað um (dæmi: hvað eru margar konur með erlendan bakgrunn í hverri tíund?). Sumu er hægt að fá svar við á vefnum tekjusagan.is en öðru mætti fylgja eftir með áframhaldandi gagnavinnslu.


1 TÍUND 25,713 einstaklingar

47%


53%

18% erlendur bakgrunnur

Heildarmánaðartekjur einstaklinga í fyrstu tíund liggja á bilinu 0 til 141 þúsund krónur (skyggða svæði)



Lýðfræðileg samsetning



Fjárhagsleg staða


Mánaðarlegar meðaltaltekjur:

65.093 kr
Heildartekjur

48.039 kr
Atvinnutekjur

60.000 kr
Ráðstöfunartekjur

Samsetning tekna tíundar




Eigna- og skuldastaða:


6.569.483 kr
Meðaleignir...
...þar af fasteignir **4.426.456 kr**

2.381.156 kr
Meðalskuldur...
...þar af fasteignir **1.164.469 kr**

Hluttur tíundar af heildar eignum og skuldum:




Þróunin frá 1997 - 2018




2 TÍUND 25,713 einstaklingar

44% 56% 15% erlendu bakgrunnur

Heildarmánaðartekjur einstaklinga í annarri tíund liggja á bilinu 142 til 261 þúsund krónur (skyggða svæði)




Lýðfræðileg samsetning



Fjárhagsleg staða




Þróunin frá 1997 - 2018




3 TÍUND 25,713 einstaklingar

39% 61% 14% erlendur bakgrunnur

Heildarmánaðartekjur einstaklinga í þriðju tíund liggja á bilinu 262 til 329 þúsund krónur (skyggða svæði)




Lýðfræðileg samsetning



Fjárhagsleg staða




Þróunin frá 1997 - 2018




4 TÍUND 25,713 einstaklingar

42% 58% 16% erlendu bakgrunnur

Heildarmánaðartekjur einstaklinga í fjórðu tíund liggja á bilinu 330 til 383 þúsund krónur (skyggða svæði)




Lýðfræðileg samsetning



Fjárhagsleg staða




Þróunin frá 1997 - 2018




5 TÍUND 25,713 einstaklingar

44% 56% 19% erlendur bakgrunnur


Heildarmánaðartekjur einstaklinga í fimmtu tíund liggja á bilinu 384 til 447 þúsund krónur (skyggða svæði)




Lýðfræðileg samsetning



Fjárhagsleg staða




Þróunin frá 1997 - 2018




6 TÍUND 25,713 einstaklingar

47% 53% 19% erlendum bakgrunnur


Heildarmánaðartekjur einstaklinga í sjöttu tíund liggja á bilinu 448 til 524 þúsund krónur (skyggða svæði)




Lýðfræðileg samsetning



Fjárhagsleg staða




Þróunin frá 1997 - 2018




7 TÍUND 25,713 einstaklingar

50% 50% 17% erlendum bakgrunnur

Heildarmánaðartekjur einstaklinga í sjöundu tíund liggja á bilinu 525 til 619 þúsund krónur (skyggða svæði)




Lýðfræðileg samsetning



Fjárhagsleg staða




Þróunin frá 1997 - 2018




8 TÍUND 25,713 einstaklingar

55% 45% 12% erlendum bakgrunnur


Heildarmánaðartekjur einstaklinga í áttundu tíund liggja á bilinu 620 til 744 þúsund krónur (skyggða svæði)




Lýðfræðileg samsetning



Fjárhagsleg staða




Þróunin frá 1997 - 2018




9 TÍUND 25,713 einstaklingar

62% 38% 7% erlendum bakgrunnur

Heildarmánaðartekjur einstaklinga í níundu tíund liggja á bilinu 745 til 965 þúsund krónur (skyggða svæði)



Lýðfræðileg samsetning




Fjárhagsleg staða

Mánaðarlegar meðaltaltekjur:

841.300 kr
Heildartekjur

724.955 kr
Atvinnutekjur

585.000 kr
Ráðstöfunartekjur




Eigna- og skuldastaða:


35.843.956 kr
Meðaleignir... **28.715.959 kr** ...þar af fasteignir

12.775.035 kr
Meðalskuldur... **9.453.127 kr** ...þar af fasteignir

Hluttur tíundar af heildar eignum og skuldum:




Þróunin frá 1997 - 2018




10 TÍUND 25,713 einstaklingar

72% 28% 3% erlendur bakgrunnur


Heildarmánaðartekjur einstaklinga í tíund eru 966 þúsund og hærri (skygga svæði)




Lýðfræðileg samsetning



Fjárhagsleg staða



Þróunin frá 1997 - 2018



3. Launabil á Norðurlöndum

Launasamanburður á milli landa er flókinn af mörgum ástæðum. Þrátt fyrir það er hann nauðsynlegur vegna þess að hann sýnir í grófum dráttum stöðu starfsgreina og starfsstétta á íslenskum vinnumarkaði í samanburði önnur lönd. Þá má með slíkum samanburði skoða launabil á milli starfsstétta í hverju landi fyrir sig með slíkum samanburði og bera saman.

Hér er gerð atлага að samanburði launa starfsstétta á Norðurlöndum. Norðurlöndin eru valin annars vegar af því að þau eru líkust Íslandi í uppbyggingu velferðarkerfis og vinnumarkaðar, og hins vegar af því að hagstofur Norðurlandanna birta sundurliðuð laun eftir starfsstéttum sem gerir slíkan samanburð mögulegan. Á greiningu sem byggir á þessum gögnum eru þó takmarkanir vegna skorts á stöðlun eins og fjallað verður um hér á eftir.

3.1 Helstu skilgreiningar

Laun eru skilgreind með margvíslegum hætti. Þá er gagnaöflun um laun og birtingarmynd þeirra ólík í eftir löndum, eins og nánar verður fjallað um síðar. Hagstofa Íslands birtir grunnlaun, regluleg laun, regluleg heildarlaun og heildarlaun. Í öðrum löndum eru laun gefin upp sem árslaun, mánaðarlaun, laun fyrir greiddar stundir og unnar stundir. Þau eru ýmist reiknuð fyrir alla, aðeins fyrir fullvinnandi einstaklinga eða jafnað á stöðugildi. Ýmis viðbótarkjör geta með réttu talist til launa en það getur verið erfitt að ná utan um slík kjör í launatölfræði (Launamunur markaða, 2018).

3.1.1 Launahugtök Hagstofu Íslands:

- Grunnlaun: Grunnlaun eru greidd mánaðarlaun fyrir dagvinnu, grunddagvinnulaun, án allra aukagreiðslna.
- Regluleg laun: Regluleg laun eru greidd mánaðarlaun fyrir umsaminn vinnutíma hvort sem um er að ræða dagvinnu eða vaktavinnu. Í þessum launum eru hvers konar álags- og bónusgreiðslur svo sem föst yfirvinna, sem gerðar eru upp á hverju útborgunartímabili.
- Regluleg heildarlaun: Regluleg heildarlaun eru regluleg laun að viðbættum launum fyrir tilfallandi yfirvinna.

- Heildarlaun: Heildarlaun eru öll laun einstaklingsins, þ.e. regluleg heildarlaun auk ýmissa óreglulegra greiðslna s.s. orlofs- og desemberuppbótar, eingreiðslna, ákvæðisgreiðslna og uppgjör vegna uppmælinga. Við útreikninga er hvorki tekið tillit til hlunninda né akstursgreiðslna.

Þegar laun eru borin saman á milli landa er ekki augljóst hvaða launaskilgreiningu er best að styðjast við. Regluleg laun eru líklega betri en grunnlaun vegna þess að þau ná utan um launapætti sem fylgja starfi fyrir dagvinnu eða reglulegan vinnutíma, sem eðlilegt er að horfa til í samanburði. Oft geta heildarlaun verið enn betri þar sem þau ná til óreglulegra greiðslna sem þó hafa áhrif á hag einstaklinga, svo sem orlofsgreiðslna. Í einhverjum tilvikum getur þetta hugtak þó verið of víðtækt þar sem það nær einnig til yfirvinnu sem er mjög misjöfn, bæði á milli landa og starfsstétta.

Í þeim samanburði sem hér birtist eru skoðuð grunnlaun, regluleg laun og heildarlaun og má því bera saman allt þrennt. Töluverður munur er á stöðu margra starfsstétta í samanburði eftir því hvaða launahugtak er miðað við sem skýra má að mestu með ólíkri uppbyggingu kjarasamninga landanna.

Athugið að ...

- Velferðarkerfi eru ólík og margt sem hefur áhrif á lífsgæði og ráðstöfunartekjur sem launasamanburður nær eðlilega ekki til.
- Ýmis hlunnindi og greiðslur til einstaklinga sem teljast ekki til launa hafa þó áhrif á heildarkjör. Sem dæmi má nefna bílahlunnindi og greiðslur fjarskiptakostnaðar. Ekki er tekið tillit til slíks í launasamanburðinum hér enda eru tekjur af þessum togum annars eðlis en fastar launagreiðslur.
- Einungis atvinnutekjur eru teknar til skoðunar. *Fjármagnstekjur* eru því ekki teknar með í reikninginn enda liggja slíkar upplýsingar ekki fyrir á grundvelli starfa á hagstofum Norðurlanda.
- Ólíkur fjöldi vinnustunda er að baki þeim launum sem hér birtast. Ekki eru til áreiðanleg gögn um vinnutíma og þá sérstaklega unnar vinnustundir. Það getur haft áhrif á milli starfsstétta þar sem ólíkt

fyrirkomulag getur verið á samkomulagi og skráningu vinnustunda. Þetta er ekki sér-íslenskur vandi og er mikilvægt að hafa í huga.

- Í þessum launasamanburði er notast við *meðaltal* launa til samanburðar frekar en miðgildi. Launadreifing eru jafnan skekkt til hægri (jákvætt) og meðaltal því hærra en miðgildi.
- Starfsstéttir eru nokkuð breiðar og geta samkvæmt flokkun náð yfir töluvert ólík störf. Sem dæmi má nefna að í flokki stjórnenda er bæði að finna stjórnámálamenn og deildarstjóra í skógrækt.

3.2 Um íslenska launatölfræði

Talnaefnið byggir á launarannsókn Hagstofunnar. Fyrir almennan vinnumarkað nær sú rannsókn einungis til launagreiðenda með tíu eða fleiri starfsmenn. Í úrtakinu eru rúmlega hundrað fyrirtæki og starfa tæplega 50% launamanna á almennum markaði hjá þeim. Launarannsóknin nær heldur ekki til allra atvinnugreina á almennum vinnumarkaði því þar eru mikilvægar atvinnugreinar, bæði í framleiðslu og þjónustu (s.s. fiskveiðar), ýmist ekki meðtaldar eða aðeins teknar með að hluta. Launarannsóknin nær hins vegar til allra ríkisstarfsmanna. Fyrir almenna markaðinn og sveitarfélög er notað úrtak sem að hluta er handahófskennt. Takmörkuð þekja úrtaksins og stærð þess eykur óvissu um hversu vel niðurstöður rannsóknarinnar lýsa þróun launa. Þetta getur bæði átt við þegar fjallað er um vinnumarkaðinn í heild og um þær atvinnugreinar og starfsstéttir sem eru takmarkaðar vegna þekju rannsóknarinnar.

Á Íslandi koma þrjár stofnanir að söfnun gagna um laun og atvinnu, þ.e. Ríkisskattstjóri, Vinnumálastofnun og Hagstofa Íslands.

3.3 Þörf á úrbótum á launatölfræði

Launatölfræði er takmörkuð að mörgu leyti eins og talið hefur verið hér að framan. Ýmis vandi væri leystur ef horfið væri frá úrtaksathugunum á þróun launa og stefnt að heildarsöfnun launagagna frá öllum launagreiðendum á svipaðan hátt og nú er gert í Noregi. Væri það gert yrði gagnasöfnun ólíkra stofnana sameinuð á einn stað.



Starfaflokkun Hagstofunnar er jafnframt orðin nokkuð úrelt en nýtt alþjóðlegt flokkunarkerfi var tekið upp á alþjóðavettvangi árið 2008 og hefur enn ekki verið innleitt hér. Unnið er að innleiðingu nýs kerfis.


Vert er að minnast á að vinna er hafin að ýmsum úrbótum á launatölfræði og var ítarlega fjallað um það sem betur má fara í skýrslu nefndar um umbætur á úrvinnslu og nýtingu launatölfræðiupplýsinga sem gefin var út í janúar árið 2019. Einnig má nefna að tekið hefur til starfa kjaratölfræðinefnd um gerð og hagnýtingu tölfræðigagna um laun og efnahag til undirbúnings og eftirfylgni með kjarasamningum (Launatölfræði á Íslandi, 2019).

3.4 Norrænn samanburður launa


Á eftirfarandi fjórum myndum er að finna yfirlit yfir launabil starfsstétta á Norðurlöndum. Fyrstu tvær myndirnar sýna samanburð heildarlauna í íslenskum krónum og seinni tvær sama samanburð eftir að leiðrétt hefur verið fyrir kaupmætti samkvæmt kaupmáttarvísitölu OECD. Áreiðanlegasta landið til samanburðar við Ísland er Noregur vegna umfangs og gæða þeirra gagna sem þaðan koma (nánari skýringu á forsendum við útreikning er að finna í viðauka 1).

Mynd 24 Samanburður heildarlauna starfsstétta á Norðurlöndum





Mynd 25 Samanburður heildarlauna starfsstétta á Norðurlöndum, leiðrétt fyrir kaupmætti



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagstofa Noregs, Hagstofa Svíþjóðar, Hagstofa Danmerkur.

Eigin útreikningar.

3.5 Niðurstöður

Heilt á litið sýnir þessi samanburður töluverðan mun á samsetningu launa á Íslandi í samanburði við hin löndin þrjú. Hér eru heildarlaun há en yfirvinna vegur að jafnaði þyngra hér en í nágrannalöndunum. Eins og áður kom fram er ekki til áreiðanleg tölfræði um unnar vinnustundir svo erfitt er að fullyrða um hversu margar stundir liggja raunverulega að baki yfirvinnutölum hjá hverri starfsstétt fyrir sig. Sama gildir um samanburð á vinnustundum á milli landa. Samkvæmt mælingum Eurostat á vinnustundum í vinnuviku vinna fullvinnandi Íslendingar meira en hinar þjóðirnar þrjár eða 44,4 stundir að meðaltali á móti 38,9 stundum Norðmanna, 40,6 stundum Svía og 38,6 stundum Dana. Gögn Eurostat eru úr Lífskjararannsóknnum og byggja því á svörum í könnunum. Önnur leið til að nálgast vinnustundir er að skoða vinnumagn í þjóðhagsreikningum og reikna það niður á einstaklinga. Samkvæmt því er vinnutíminn lengstur hjá Svíum (31,2 stundir), næstmestur hér (27,9 stundir) og lítillga minni hjá Dönnum og Norðmönnum (26,6).

Áður en leiðrétt er fyrir kaupmætti eru laun jafnan hæst á Íslandi en eftir kaupmáttarleiðréttingu eru þau oftast hæst í Danmörku og Ísland þá í öðru sæti. Kaupmáttarleiðrétt laun á Íslandi eru þá ýmist hærri eða jöfn launum í Noregi og Svíþjóð. Ákveðnar starfsstéttir skera sig úr í samanburði. Laun *iðnaðarmanna og sérhæfðs iðnverkafólks* eru há í samanburði við önnur Norðurlönd en stór hluti þeirra launa má jafnframt rekja til yfirvinnagreiðslna. *Sérfræðingar, stjórnendur og tæknar, og sérmenntaðir* standa einnig vel á Íslandi, bæði í samanburði við önnur Norðurlönd og við aðrar starfsstéttir á Íslandi. Starfsstéttir *skrifstofufólks, ósérhæfðra, og þjónustu-, umönnunar- og sölufólks* koma hlutfallslega verr út úr samanburði en aðrar starfsstéttir. Kaupmáttarleiðrétt heildarlaun þeirra koma samt sem áður ágætlega út í alþjóðlegum samanburði og eru hærri en í Noregi og Svíþjóð, þótt samsetning launanna sé ólík milli landa.

Í þessari greinargerð hafa verið sett fram viðamikil gögn. Til eftirfylgni þarf að kafa dýpra í það sem liggur að baki og leita skýringa.

Heimildir:

Eurostat, *hours worked per week og full-time employment*,
<https://ec.europa.eu/eurostat/web/products-datasets/-/tps00071>

Hagstofa Danmerkur, *Danmerkur*,
<https://www.statistikbanken.dk/statbank5a/default.asp?w=1440>

Hagstofa Danmerkur (2018). *Statistikdokumentation for Lønstruktur 2018*.

Hagstofa Íslands, *Laun eftir launþegahópi, starfsstétt og kyni 2014-2018*.
 Laun eftir launþegahópi, starfsstétt og kyni 2014-2018

Hagstofa Noregs, *11419: Yrkesfordelt månedslønn, etter kjønn, arbeidstid, sektor og næring 2015 - 2019*.
<https://www.ssb.no/statbank/table/11419/tableViewLayout1/>

Hagstofa Svíþjóðar, *Genomsnittlig grund- og månedslön samt kvinnors lön i procent av mäns lön efter region, sektor, yrke (SSYK 2012) och kön. År 2014 - 2018*.
http://www.statistikdatabasen.scb.se/pxweb/sv/ssd/START__AM__AM0110__AM0110A/LonYrkeRegion4A/?rxid=f45f90b6-7345-4877-ba25-9b43e6c6e299

Launamunur markaða (2018). Fjármála- og efnahagsráðuneytið.

Launatölfræði á Íslandi (2019). Forsætisráðuneytið.
<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=40395405-2616-11e9-942f-005056bc4d74>

OECD (2020), Purchasing power parities (PPP) (indicator). doi:
10.1787/1290ee5a-en (Accessed on 10 February 2020)

Viðauki 1

Vinumarkaðstöfræði Norðurlandanna - nánari skýringar:

Noregur

- Noregur sker sig úr að því leyti að gögn þaðan byggja ekki á launarannsókn heldur heildarsöfnun launagagna frá öllum launagreiðendum. Tölfræðin er því áreiðanlegri en frá hinum norrænu löndunum og því líklega best til samanburðar að því leyti.
- Skýrt er greint á milli uppruna greiðslna, þ.e. greint á milli yfirvinnu, álagsgreiðslna o.s.frv., og þar af leiðandi er skipting milli launapátta nokkuð áreiðanleg og sambærileg við Ísland á milli grunnlauna, reglulegra launa og heildarlauna.
- Í norska gagnasafninu er starfsstéttinni stjórnendur skipt í tvennt: Forstjórar annars vegar og stjórnendur auk „aðal“ framkvæmdastjóra hins vegar. Hér hafa þessar stéttir verið sameinaðar í einn hóp, í samræmi við það sem tíðkast hjá hinum Norðurlandanna.

Svíþjóð

- Yfirvinna: Sænska hagstofan birtir ekki yfirvinnu sérstaklega heldur aðeins grunnmánaðarlaun og regluleg mánaðarlaun. Hér er því stuðst við niðurstöður vinnumarkaðsrannsóknar hennar til að áætla yfirvinnu (Labour Force Surveys, 2018). Úr töflu 10 má áætla að yfirvinnustundir séu að meðaltali 2,7% af dagvinnustundum. Þaðan er unnið út frá eftirfarandi forsendum:
 - Laun fyrir yfirvinnu eru 100% álag á dagvinnukaup
 - Reiknuð yfirvinna kemur að stærstum hluta frá iðnaðar- og verkafólki
 - Áætluð dreifing yfirvinnu á starfsstéttir (hlutfall starfsstéttar af heildaryfirvinnu, samtals 100%); stjórnendur (2%), sérfræðistörf (7%), tæknar og sérmenntað starfsfólk (7%), skrifstofustörf (7%), þjónustu-, umönnunar-, og sölustörf (19%), störf iðnaðarmanna og sérhæfðs

iðnverkafólks (19%), störf véla og vélgæslufólks (19%),
ósérhæfð störf (19%).

Danmörk

- Grunnlaun: Danmörk birtir allar upplýsingar um laun á formi tímakaups mismunandi launaliða. Mánaðarlaun eru fundin með því að margfalda tímakaupsliðina með 160,33 en það eru þær mánaðarvinnustundir sem danska hagstofan miðar við.
- Yfirvinna: Launatölfræði Dana er sundurliðuð meira en hér á landi. Við útreikning reglulegra launa og heildarlauna er því lagt mat á launþætti sem teljast sambærilegir launþáttum héraendis (s.s. óreglulegar og reglulegar bónusgreiðslu, óþægindaálag o.þ.h.)
 - Laun fyrir yfirvinnu eru 100% álag á dagvinnukaup

